

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjubings um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa.

„STARFSREGLUR
um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa.

I. KAFLI

Rekstrar- og aksturskostnaður.

1. gr.

Til árlegs rekstrarkostnaðar prestsembættis greiðast kr. 358 þúsund.

2. gr.

Til árlegs rekstrarkostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar rekstrarkostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 90 þúsund og vegna presta erlendis kr. 340 þúsund.

3. gr.

Til árlegs aksturskostnaðar hvers embættis eru greiddar kr. 192 þúsund. Til viðbótar þessari upphæð eru greiddar árlega kr. 192 þúsund vegna aksturs prófasta og presta erlendis og kr. 120 þúsund til sérþjónustupresta sem þjóna öllu landinu.

4. gr.

Rekstrarkostnaður prests- og prófastsembætta greiðist að hálfu vegna aukþjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

5. gr.

Greiðslur vegna 1., 2. og 3. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

II. KAFLI

Annar rekstrarkostnaður.

6. gr.

Biskupsstofa leggur prestum til hempu á hverjum 10 árum. Heimilt er þó að endurnýja hempu í fyrsta sinn eftir 5 ár.

7. gr.

Biskupsstofa greiðir eðlilegan kostnað vegna búferlaflutninga.

8. gr.

Biskupsstofa greiðir í rekstrar- og aksturskostnað samkvæmt reikningi og akstursdagbók allt að kr. 250 þúsund á ári til presta sem taka við þjónustu við sameiningu prestakalla og prófastsdæma.

9. gr.

Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

10. gr.

Biskupsstofa stendur skil á tryggingargjaldi vegna greiðslna fyrir akstur og embættis-klæði samkvæmt 3., 6. og 8. gr.

11. gr.

Fjárhæðir í starfsreglum þessum breytast í samræmi við ákvæði 3. gr. samnings ríkis og kirkju frá 4. september 1998, um rekstrarkostnað o.fl. vegna prestsembætta og prófasta.

III. KAFLI

Gildistaka.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum um embættiskostnað presta og aukaverk þeirra nr. 36/1931, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 141/1998, svo og heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2000. Jafnframt falla brott frá sama tíma starfsreglur um embættiskostnað sóknarpresta nr. 816/1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Biskupsstofa skal segja upp öllum gildandi aksturssamningum við presta þannig að uppsögn taki gildi frá og með 1. janúar árið 2000.

Fyrir árslok 1999 skal greiða vegna stofnkostnaðar skrifstofubúnaðar kr. 87.000 til sérhvers hinna 138 prestsembætta.

Greiðslur fyrir afnot skrifstofuhúsnæðis í rekstrarkostnaði prestsembættis greiðist því aðeins að haldsbréf hafi verið undirritað.

Gjört í Reykjavík, 15. nóvember 1999.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Gunnar Sveinsson
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 15. nóvember 1999.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.